



Mannréttindaráð

Reykjavík, 23. mars 2026

MSS25110035

Stefna um fjölmenningsborgina Reykjavík 2026 - 2030 – aðgerðaáætlanir sviða

Meðfylgjandi eru aðgerðaráætlanir sviða Reykjavíkurborgar um stefnu um fjölmenningsborgina Reykjavík.

Samkvæmt aðgerðaráætlun stefnunnar :

1. Sviðin kynna sér stefnuna og greina hvernig þessi málaflokkur snertir þeirra starfsemi sem atvinnurekandi, þjónustuveitandi, samstarfsaðili og verkkaupi.
2. Í framhaldi vinna sviðin tímasettar aðgerðir fyrir þessa stefnu og taka mið af þeim áherslum sem koma fram hér.
3. Aðgerðaráætlanir verða lagðar fram til samþykktar í ráðum sviðanna fyrir 1. mars 2026 þegar það á við og er í kjölfarið vísað inn í gerð starfs- og fjárhagsáætlana eftir atvikum.
4. Mannréttindaskrifstofa mun fylgja eftir innleiðingu stefnunnar og leggja fram upplýsingar um framvindu aðgerðaáætlana sviðanna einu sinni á ári.

Borist hafa aðgerðaráætlanir frá eftirfarandi sviðum/skrifstofum:

Menningar- og íþróttasvið

Velferðarsvið

Skóla- og frístundasvið

Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Svið sem eiga eftir að skila:

Fjármála- og áhættusvið

Mannauðs- og starfsumhverfissvið

Umhverfis- og skipulagssvið

Óskað er eftir að aðgerðaráætlanir sviða séu lagðar fram á fundi mannréttindaráðs til upplýsingar.

Virðingarfyllst,
Íris Björk Kristjánsdóttir
Mannréttindaskrifstofa
Miðlæg stjórnsýsla

Hjálagt:

Bréf menningar- og íþróttasviðs

Bréf skóla- og frístundasviðs

Bréf velferðarsviðs

Bréf þjónustu- og nýsköpunarsviðs



Reykjavík

Frá: Helga Björnsdóttir <helga.bjornsdottir@reykjavik.is>

Sent: Föstudagur, 27. febrúar 2026 17:38

Til: Mannréttindi <mannrettindi@reykjavik.is>

Efni: Aðgerðaráætlun menningar- og íþróttasviðs vegna stefnu um fjölmenningsborgina Reykjavík

MSS25110035

Góðan dag

Á fundi menningar- og íþróttaráðs 27. febrúar 2026 var lögð fram og samþykkt aðgerðaráætlun menningar- og íþróttasviðs vegna stefnu um fjölmenningsborgina Reykjavík sbr. forsk.

Jafnframt lögðu fulltrúar samstarfsflokka fram eftirfarandi bókun:

Stefna Reykjavíkurborgar um fjölmenningsborgina 2026-2030 felur í sér metnaðarfull markmið um inngildingu allra hópa. Íþróttafélög og menningarstofnanir borgarinnar hafa þar sérstaklega mikilvægu hlutverki að gegna. Aldraðir innflytjendur og flóttafólk er hópur sem verið hefur afskiptur þegar kemur að íþróttum og heilsuefningu. Sama gildir um ýmiss konar þátttöku innflytjenda í menningarstarfi, þar geta t.a.m. bókasöfn borgarinnar komið að með ýmsum hætti líkt og þau hafa gert svo vel. Fulltrúar samstarfsflokka lýsa ánægju með aðgerðaráætlun sviðsins í málaflokknum.

kv

Helga

Helga Björnsdóttir

verkefnastjóri

Menningar- og íþróttasvið



Aðgerðaráæltun MÍR - Stefna um Fjölmenningarborgina Reykjavík 2026-2030									
Hlutverk	Flokkur	Markmið	Nr.	Aðgerðaráætlun	Staða	Lýsing - Staða aðgerða	Tengillður	Ábyrgð	Tímarammi
Veitandi þjónustu	Íþróttastarfsemi	Leita leiða til að auka þátttöku aldraðra innflytjenda og flóttafólks í íþróttum og heilsuefningu	1.1	Útvíkkun markmiðs þannig að það taki til þjónustu íþrótta- og útlífborgar			Helga Friðriksdóttir skrifstofustjóri íþróttaborgarinnar, MÍR og Atli Steinn Árnason, skrifstofustjóri útlífborgarinnar, MÍR	MÍR	Lok árs 2026
			1.2	Útfærsla á styrktarpotti sem hverfisfélögin geta sótt í vegna niðurgreiðslu á leikfimi fyrir 60+			Helga Friðriksdóttir skrifstofustjóri íþróttaborgarinnar, MÍR	MÍR	Mai 2026
			1.3	Aukinn kynningar og markaðssetning á þjónustu MÍR fyrir þennan markhóp meðal annars í samtali við miðstöðvar hverfanna og ÍBR			Helga Friðriksdóttir skrifstofustjóri íþróttaborgarinnar, MÍR; Atli Steinn Árnason, skrifstofustjóri útlífborgarinnar, MÍR; Lina Petra Þórarinsdóttir, forstöðumaður markaðsmála MÍR	MÍR	Lok árs 2026
			1.4	Þýða MÍR kynningarbækling fyrir 60+ í Reykjavík á fleiri tungumál			Lina Petra Þórarinsdóttir, forstöðumaður markaðsmála MÍR	MÍR	Lok maí 2026
Veitandi þjónustu	Menningarstarfsemi	Leita leiða til að auka þátttöku innflytjenda í menningarstarfsemi bæði sem listamenn og sem notendur, sbr. menningarstefnu Reykjavíkur	2.1	Starfshópur hefur verið skipaður sem vinnur að úttekt á rými og sýnileika fatlaðs listafólks, jaðarsettra og viðkvæmra hópa í dagskrá menningarstofnanna og viðburða Reykjavíkur. Í kjölfarið verður gerð aðgerðaráætlun til að stuðla að fjölbreytileika í listum			Amfriður S. Valdimarsdóttir, skrifstofustjóri menningarborgarinnar, MÍR	MÍR	Lok ágúst 2026
			2.2	Tilfærsla starfsmanns innan sviðs sem mun hafa það verkefni að sækja um styrki tengdum menningarstarfsemi sem styður við markmiðið			Amfriður S. Valdimarsdóttir, skrifstofustjóri menningarborgarinnar, MÍR	MÍR	1. febrúar 2027
Veitandi þjónustu	Menningarstarfsemi	Leitast við að styðja við frjáls félagasamtök innflytjenda og annarra með því að styðja þau í gengum gjaldfrjálsa fundaraðstoðu Borgarbókasafnsins og Hins hússins eða gegn gjaldi þar sem því verður við komið	3.1	Sviðið mun halda áfram að styðja við frjáls félagasamtök eins og kostur er			Amfriður S. Valdimarsdóttir, skrifstofustjóri menningarborgarinnar, MÍR; Steinþór Einarsson, sviðsstjóri MÍR	MÍR	Er í gangi
			3.2	Fá starfsfólk og stjórnendur að vinnu við aðgerðina og útfærslu hennar			Amfriður S. Valdimarsdóttir, skrifstofustjóri menningarborgarinnar, MÍR; Steinþór Einarsson, sviðsstjóri MÍR	MÍR	Lok maí 2026



Reykjavík, 10. mars 2026
MSS25110035

Mannréttindaskrifstofa

Stefna um fjölmeningarborgina Reykjavík, aðgerðaáætlun

Á fundi skóla- og frístundráðs þann 9. mars 2026 var lögð fram aðgerðaáætlun skóla- og frístundasviðs vegna Stefnu um fjölmeningarborgina Reykjavík 2026-2030, dags. 5. mars 2026 ásamt bréfi mannréttindaskrifstofu, dags. 2. janúar 2026 og Stefnu um fjölmeningarborgina Reykjavík 2026-2030, dags. 1. desember 2025.

Samþykkt. MSS25110035

Íris Björk Kristjánsdóttir og Dagbjört Ásbjörnsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Pírata, Flokks fólksins og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundasvið hefur frá 2014 haft stefnu um þjónustu við börn og fjölskyldur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Það er fagnaðarefni að ný stefnumótun styrkir Reykjavík í stöðu sinni sem fjölmeningarborg. Stefnumótunin tryggir að inngildandi nálgun og fjölmeningarleg gildi endurspeglar í öllu starfi. Aðgerðaáætlun skóla- og frístundasviðs í þessum málaflokki endurspeglar samhljóm milli þessarar stefnumótunar og Menntastefnu Reykjavíkurborgar. Áhersla er lögð á aukna menningarnæmni, kennslu í íslensku sem annað mál, valdeflingu foreldra og að skapa vettvang og tækifæri fyrir aukna félagsfærni, tengslamyndun og eflandi samskipti barna í skóla- og frístundastarfi.

Virðingarfyllt

Steinn Jóhannsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs



Reykjavík



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 5. mars 2026

MSS25110035

Aðgerðaáætlun skóla- og frístundasviðs vegna Stefnu um fjölmeningarborgina Reykjavík 2026-2030

Á fundi borgarstjórnar þann 16. desember 2025, var samþykkt **Stefna um fjölmeningarborgina Reykjavík 2026-2030**. Í bréfi Mannréttindaskrifstofu, dags. 2. janúar 2026 var sviðum og skrifstofum Reykjavíkurborgar falið samkvæmt aðgerðaráætlun stefnunnar að kynna sér stefnuna og greina hvernig málaflokkurinn snertir þeirra starfsemi sem atvinnurekandi, þjónustuveitandi, samstarfsaðili og verkkaupi og að vinna tímasettar aðgerðir fyrir stefnuna. Eftirfarandi aðalmarkmiðum stefnunnar var vísað til skóla- og frístundasviðs og óskað eftir aðgerðaáætlun sviðsins á grunni þeirra.

1. Efla menningarnæmi og fjölmeningarhæfni starfsfólks og hæfni til að vinna með öllum börnum með áherslu á inngildingu.
2. Halda áfram að efla kennslu og stuðning í íslensku fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku.
3. Styðja og valdefla foreldra í hlutverki sínu sem skólaforeldrar.
4. Skapa vettvang og tækifæri fyrir aukna félagsfærni, tengslamyndun og eflandi samskipti barna í skóla- og frístundastarfi.

Skóla- og frístundasvið hefur yfirfarið stefnuna og hér eru tíundaðar aðgerðir og verkefni skóla- og frístundasviðs sem tengjast beint markmiðum **Stefnu um fjölmeningarborgina Reykjavík 2026–2030**. Skóla- og frístundaráð samþykkti í lok árs 2024 [almennar aðgerðir Menntastefnu Reykjavíkur](#) fyrir árin 2025–2027, alls 56 aðgerðir. Mikill samhljómur er milli þeirra og áherslna fjölmeningarstefnunnar, og því eru flest þau atriði sem hér eru tilgreind hluti af þeirri aðgerðaáætlun sem nú er unnið eftir á sviðinu. Stórum hluta aðgerða á að vera lokið árið 2027 en margar þeirra munu halda áfram eftir það tímabil, þar sem um er að ræða fræðslu fyrir starfsfólk, foreldra og nemendur sem eru hópar í stöðugri endurnýjun. Haustið 2027 munu verða mótaðar almennar aðgerðir fyrir árin 2028–2030 með hliðsjón af fjölmeningarstefnunni. Númer aðgerða hér fyrir neðan vísa í samsvarandi aðgerðir í aðgerðaáætlun menntastefnunnar til að auðvelda eftirfylgni. Með þessum aðgerðum er verið að þróa og breyta starfsháttum til framtíðar. Um er að ræða viðvarandi verkefni þar sem brugðist er við þörfum skóla- og frístundastarfs á hverjum tíma, þannig að þekking og færni starfsfólks haldist og þróist. Aðstæður breytast stöðugt og því þarf fræðsla sem styður inngildingu að vera í boði á hverjum tíma. Sama gildir um stuðning við foreldra, sem einnig þarf að endurnýja reglulega.



Reykjavík



Aðgerðir og verkefni skóla og frístundasviðs

1. Efla menningarnæmi og fjölmenningshæfni starfsfólks og hæfni til að vinna með öllum börnum með áherslu á inngildingu.

Aðgerðir í Menntastefnu 2025-2027:

- Aðgerð nr. 3 - Að auka fræðslu og símenntun um menningarnæmi og fjölmenningu þar sem boðið er uppá fræðslu fyrir allt starfsfólk sem nær yfir menningarnæmi, menningarfærni og viðbrögð við hatursorðræðu og fordómum.
- Aðgerð nr. 9 - Styðja við áætlanir mennta- og barnamálaráðuneytis. Fylgja eftir verkefnum eins og MEMM til að auka færni starfsfólks í að stuðla að farsælli inngildingu og menntun allra barna.

Verkefnastjórar í fjölmenningu hjá Miðju máls og læsis

Hjá Miðju máls og læsis starfa verkefnastjórar í fjölmenningu sem hafa það megin hlutverk að skipuleggja og efla inngildandi skóla- og frístundastarf. Þeir styðja stjórnendur og starfsfólk í inngildandi vinnubrögðum, bjóða upp á fræðslu og þróa verkefni.

Fjölmennung til framtíðar er liður í að efla allt starfsfólk á skóla- og frístundasviði til að fylgja stefnu skóla- og frístundasviðs í fjölmenningu, aðalnámskrá grunnskóla, aðalnámskrá leikskóla og starfsskrá frístundamiðstöðva með áherslu á að valdefla og styrkja stöðu allra í að hafa inngildingu að leiðarljósi. Framkvæmdin hófst 2023 og er gert ráð fyrir að vera lokið í lok árs 2027. Eftir að verkefninu líkur verður fræðsla í borði fyrir nýtt starfsfólk í skóla- og frístundastarfi á Torginu undir nafninu *Fjölmennung til framtíðar*.

Fjölmennungarteymi skrifstofu skóla- og frístundasviðs

Á skrifstofu skóla- og frístundasviðs er starfandi fjölmennungarteymi sem skipuleggur, þróa og fylgir eftir verkefnum er varða fjölmenningu og inngildandi skóla- og frístundastarf.

Aðgerðaráætlun gegn rasisma í skóla- og frístundastarfi

Á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar er verið að innleiða aðgerðaráætlun gegn rasisma í skóla- og frístundastarfi sem nær til leikskóla, grunnskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva. Megin markmið áætlunarinnar er að koma á skýrum verkferlum til að bregðast við rasískum atvikum, auka fræðslu og tryggja að ekkert barn, foreldri eða starfsfólk séu útilokuð á grundvelli uppruna, húðlitar o.s.frv. Meðal þess sem hefur verið gert er:

- Fræðsla til allra stjórnenda á skóla- og frístundasviði um fordóma, rasisma og hatursorðræðu
- Fræðslumyndbönd inná Torgið um Inngildingu og menningarnæmi
- Verklag um viðbrögð við rasisma – veggspjaldi dreift á allar starfsstöðvar

MEMM, menntun, móttaka, menning

MEMM er samstarfsverkefni Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu (MMS) og Miðju máls og læsis (MML) með stuðningi samhæfingarstjóra frá mennta- og barnamálaráðuneytinu. Verkefnið byggir á að efla móttöku og vinnu með börnum og fjölskyldum af erlendum uppruna í skóla- og frístundastarfi. Verið er að byggja upp samhæfða móttöku á landsvísi, efla starfsfólk í að mæta fjölskyldum af erlendum uppruna og byggja upp inngildandi skóla- og frístundastarf. Einn liður í því er að efla störf



brúarsmiða. Bæði í starfi með fjölskyldum en einnig í fræðslu til starfsfólks. MMS réð til sín teymi sem speglar teymi Miðju máls og læsis en Miðja máls og læsis er fyrirmynd að verklagi og verkefnum MEMM teymisins. Í samvinnu við MMS heftur þróast samhæft verklag fyrir allt landið. Sett hefur verið upp vefsíða undir formerkjum MEMM með fræðsluefni og er boðið upp á fræðslu og námskeið tengt viðfangsefnum MEMM.

2. Halda áfram að efla kennslu og stuðning í íslensku fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku.

Aðgerðir í Menntastefnu 2025-2027:

- Aðgerð nr. 7 - Samstarfsverkefni um máltöku og inngildingu verði byggt upp og það leitt af sérfræðingum. Horft verður til verkefna sem hafa sýnt árangur og er verkefnið Ísbrú í Breiðholti, sem er í vinnslu, eitt af þeim verkefnum.
- Aðgerð nr. 9 - Styðja við áætlanir mennta- og barnamálaráðuneytisins um MEMM til að styðja við farsælli inngildingu og menntun allra barna með fræðslu, stuðning og efla fjölbreytta kennslu- og starfshætti.

Verkefnið Látum draum allra barna rætast – endurskoðun á ÍSAT kennslu og heildræn nálgun á stuðning og kennslu vegna barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Verkefnið er í vinnslu og hófst haustið 2025 og gert ráð fyrir að innleiðing hefjist haustið 2026.

3. Styðja og valdefla foreldra í hlutverki sínu sem skólaforeldrar.

Aðgerðir í Menntastefnu 2025-2027:

- Aðgerð nr. 18 - Að þróa foreldrafræðslu og foreldranámskeið til að styðja og valdefla foreldra og forsjáraðila í hlutverki sínu með að bjóða uppá námskeið og fræðslu.
- Aðgerð nr. 19 - Að styðja við starf foreldrafélaga með því að byggja upp aukið samstarf milli foreldrafélaga og miðstöðvar
- Aðgerð nr. 22 - Að útbúa fræðsluefni um menningarnæmni fyrir foreldra þar sem stutt er við og foreldrar valdefldir.
- Aðgerð nr. 23 - Að kynna íslenskt skólakerfi og leiðir til stuðnings í námi þar sem áhersla er lögð á að kynna fyrir foreldrum með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn fyrir íslensku skólastarfi þar sem lögð er áhersla á að hafa væntingar til barna og finna leiðir til að styðja börn sín í námi
- Aðgerð nr. 44 - Fræða foreldra um mikilvægi lestrarnáms þar sem áhersla er lögð á að bjóða foreldrum uppá fræðslu um hvernig þeir geti stutt barn sitt við lestur frá leikskóla og út grunnskóla.

Brúarsmiðir Miðju máls og læsis

Hjá Miðju máls og læsis starfa brúarsmiðir sem hafa það megin hlutverk að byggja brú milli menningarheima. Milli barna og fjölskyldna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn og starfsfólks í skóla- og frístundastarfi. Þeir styðja við nám barna og aðstoða við móttöku. Brúarsmiðir styðja kennara og starfsfólk með fræðslu sem stuðlar að menningarnæmni og skilningi á bakgrunni nemenda. Einnig styðja þeir foreldra af erlendum uppruna. Fræða þá um íslenskt skóla- og frístundastarf, gera þá meðvitaða um ábyrgð sína, hlutverk og skyldur sem skólaforeldri og kenni þeim mikilvægi þess að taki virkan þátt í skóla- og frístundastarfi barna þeirra.

4. Skapa vettvang og tækifæri fyrir aukna félagsfærni, tengslamyndun og eflandi samskipti barna í skóla- og frístundastarfi.

Aðgerðir í Menntastefnu 2025-2027:



Reykjavík



- Aðgerð nr. 46 - Að auka samstarf skóla- og frístundastarfs um áhugasviðsverkefni þar sem lögð er áhersla á að dýpka þekkingu barna á áhugasviði sínum bæði í skóla og frístundastarfi
- Aðgerð nr. 26 - Að styrkja félagsmiðstöðvastarf fyrir 10-12 ára þar sem áhersla er á að styrkja félagsleg tengsl í aldurshópnum og skapa samfellu í félagsstarfi barna á grunnskólaaldri
- Aðgerð nr. 25 - Að hlúa að óformlegum samskiptum þar sem skapaður verður vettvangur og tækifæri fyrir aukna félagafærni, tengslamyndun og eflandi samskipti

Hópastarf með nemendum á unglingastigi

Skóla- og frístundasvið starfrækir tvö þróunarverkefni er lúta að hópastarfi með unglingum sem hafa fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn frá Miðausturlöndum. Annars vegar eru tveir hópar með strákum á unglingastigi og einn hópur með stúlkum á unglingastigi. Hópastarfið stuðlar að inngildingu, sjálfstyrkingu og tengslamyndum.

Reglubundin fræðsla með beina tengingu með *Stefnu um fjölmenningsborgina Reykjavík*.

Auk ofangreindra aðgerða og verkefna sem þeim tengjast býður Miðja máls og læsis árlega uppá eftirfarandi fræðslu:

Leikskólar:

- Fjölmenningslegt leikskólastarf – heimamál og heimamenning
- Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla og Gefðu 10
- Börn á flóttu
- Millimenningsfræðsla fyrir starfsmenn skóla
- Fræðsla um málstefnu í skóla- og frístundastarfi
- „Á ég að segja eitthvað?“ Viðbrögð við rasisma og hatursorðræðu

Grunnskólar:

- „Á ég að segja eitthvað?“ Viðbrögð við rasisma og hatursorðræðu
- Börn á flóttu
- Fjölmennings er fjársjóður - spornað gegn staðalmyndum
- Millimenningsfræðsla fyrir starfsmenn skóla
- Fræðsla um hatursorðræðu
- Fræðsla um málstefnu í skóla- og frístundastarfi

Frístundamiðstöðvar

- „Á ég að segja eitthvað?“ Viðbrögð við rasisma og hatursorðræðu
- Inngilding og menningarnæmi
- Börn á flóttu
- Millimenningsfræðsla fyrir starfsfólk
- Fræðsla um hatursorðræðu
- Fræðsla um málstefnu í skóla- og frístundastarfi

Fræðsla á Torginu:

- Inngilding og menningarnæmi
- Börn í viðkvæmri stöðu

Fræðsluefni á heimasíðum Miðju máls og læsis og MEMM:

- Fræðslumyndbönd með menningarfræðslu nokkurra menningarheima
- Fræðslumyndbönd með fordómafræðslu
- Fræðsluefni um móttöku barna með skerta skólagöngu



Reykjavík



Reykjavík, 20. mars 2026
MSS25110035

Mannréttindaskrifstofa

Aðgerðaáætlun velferðarsviðs vegna stefnu um fjölmenningsborgina Reykjavík 2026-2030

Á fundi velferðarráðs þann 18. mars 2026 var samþykkt meðfylgjandi aðgerðaáætlun velferðarsviðs vegna innleiðingar stefnu um fjölmenningsborgina Reykjavík 2026-2030.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Sósíalistaflokks Íslands lögðu fram svohljóðandi bókun:

Stefna Reykjavíkurborgar um fjölmenningsborgina 2026-2030 felur í sér metnaðarfull markmið um inngildingu. Í meðfylgjandi aðgerðaáætlun eru settar fram þær aðgerðir og áherslur sem velferðarsvið hyggst vinna eftir til að ná fram ofangreindum markmiðum. Aðgerðaáætlunin er einnig í takt við velferðarstefnu Reykjavíkurborgar. Í stefnunni eru skilgreind markmið sem aðgerðaáætlun velferðarsviðs skal miðast við og fjalla um að ná fram að fjölga starfsfólki með fjölbreyttan menningar-og tungumálabakgrunn til að styðja við framlínubjónustu, og efla samstarf við foreldra barna af erlendum uppruna með fjölþættan vanda eða félagslegar áskoranir. Einnig á að auka virkni og samfélagslega þátttöku eldri borgara af erlendum uppruna. Að lokum að huga sérstaklega að ungmennum á aldrinum 16 - 18 ára með fjölbreyttan menningar-og tungumálabakgrunn. Að þeim standi til boða menntun, virkni og annars konar valdefling sem styrkir þau bæði í nútíð og til framtíðar.

Það tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,

Rannveig Einarsdóttir
sviðsstjóri velferðarsviðs

Hjálagt:

Tillaga sviðsstjóra um samþykkt aðgerðaáætlunar velferðarsviðs vegna stefnu um fjölmenningsborgina Reykjavík 2026-2030, ásamt fylgiskjali, lögð fram á fundi velferðarráðs 18. mars 2026.



Reykjavík



TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: Aðgerðaáætlun velferðarsviðs vegna innleiðingar stefnu um fjölmenningsborgina Reykjavík

Lagt er til að samþykkt verði aðgerðaáætlun velferðarsviðs vegna innleiðingar stefnu um fjölmenningsborgina Reykjavík 2026-2030. Settar eru fram aðgerðir sem unnið verður eftir til að ná fram þeim markmiðum sem skilgreind eru fyrir velferðarsvið í stefnunni. Ekki er gert ráð fyrir að tillagan feli í sér aukakostnað fyrir velferðarsvið.

Greinargerð:

Á fundi borgarstjórnar þann 16. desember 2025, var samþykkt stefna um fjölmenningsborgina Reykjavík 2026-2030. Samkvæmt aðgerðaáætlun stefnunnar skulu fagsvið Reykjavíkurborgar vinna tímasettar aðgerðir fyrir innleiðingu stefnunnar og skulu aðgerðaáætlunir lagðar fram til samþykktar í fagráði viðkomandi sviðs.

Í stefnunni eru skilgreind eftirfarandi markmið sem aðgerðaáætlun velferðarsviðs skal miðast við að ná fram:

1. Fjölga starfsfólki með fjölbreyttan menningar-og tungumálabakgrunn til að styðja við framlínubjónustu.
2. Efla samstarf við foreldra barna af erlendum uppruna með fjölþættan vanda eða félagslegar áskoranir.
3. Auka virkni og samfélagslega þátttöku eldri borgara af erlendum uppruna.
4. Huga sérstaklega að ungmennum á aldrinum 16 –18 ára með fjölbreyttan menningar-og tungumálabakgrunn. Að þeim standi til boða menntun, virkni og annars konar valdefling sem styrkir þau bæði í nútíð og til framtíðar.

Í meðfylgjandi aðgerðaáætlun eru settar fram þær aðgerðir og áherslur sem velferðarsvið hyggst vinna eftir til að ná fram ofangreindum markmiðum. Aðgerðaáætlunin er einnig í takt við velferðarstefnu Reykjavíkurborgar og helstu áherslur í aðgerðaáætlun vegna innleiðingar velferðarstefnunnar 2026-2030.

Fylgiskjal:

Aðgerðaáætlun velferðarsviðs vegna innleiðingar stefnu um fjölmenningsborgina Reykjavík 2026-2030.





Aðgerðaáætlun Fjölmenningsborgin Reykjavík

Kynning fyrir velferðarráð Reykjavíkurborgar

18. mars 2026



REYKJAVÍK
— fyrir okkur öll





Stefna um fjölmenningsborgina Reykjavík 2026 – 2030

Stefna um fjölmenningsborgina Reykjavík samþykkt á fundi borgarstjórnar þann 16. desember 2025.

Samkvæmt aðgerðaráætlun stefnunnar er samþykkt að:

1. Sviðin kynna sér stefnuna og greina hvernig þessi málaflokkur snertir þeirra starfsemi sem atvinnurekandi, þjónustuveitandi, samstarfsaðili og verkkaupi.
2. Í framhaldi vinna sviðin tímasettar aðgerðir fyrir þessa stefnu og taka mið af þeim áherslum sem koma fram hér.
3. Aðgerðaáætlanir verða lagðar fram til samþykktar í ráðum sviðanna fyrir 1. mars 2026 þegar það á við og er í kjölfarið vísað inn í gerð starfs- og fjárhagsáætlana eftir atvikum.
4. Mannréttindaskrifstofa mun fylgja eftir innleiðingu stefnunnar og leggja fram upplýsingar um framvindu aðgerðaáætlana sviðanna einu sinni á ári





Stýrihópur

Markmið stýrihópsins var að:

- móta heildstæða stefnu í málefnum innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd.
- skrifa heildstæða stefnu og aðgerðaáætlun í þjónustu við innflytjendur, flóttafólk og umsækjendur um alþjóðlega vernd innan borgarinnar.
- stefnan sett í framhaldi af stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd sem gildi árin 2018 til 2022.





Reykjavík er eflandi, sjálfbært og fjölbreytt borgarsamfélag

1. Reykjavíkurborg leggur sig fram við að taka vel á móti nýjum íbúum.
2. Reykjavíkurborg vinnur eftir inngildandi nálgun sem felur m.a. í sér að virða að fólk er fjölbreytt og gera alltaf ráð fyrir því.
3. Reykjavíkurborg leggur sig fram við að virkja allt fólk til þátttöku, gerir fjölbreyttum hópi fólks kleift að taka þátt í ákvarðanatöku á eigin forsendum, skapar öruggt umhverfi og stuðlar að vellíðan allra.
4. Íbúar Reykjavíkur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn upplifa sig sem hluta af borgarsamfélaginu og þeir fá tækifæri til að vera virkir þátttakendur.
5. Reykjavíkurborg leggur sig fram við að vera þjónandi forysta og vinnustaður sem mætir þörfum fólks óháð uppruna





Forgangsaðherslur velferðarsviðs 2026-2030

4 forgangsaðherslur - verkefni



REYKJAVÍK
— fyrir okkur öll





Velferðarsvið

1. Fjölga starfsfólki með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn til að styðja við framlínubjónustu.
2. Efla samstarf við foreldra barna af erlendum uppruna með fjölþættan vanda eða félagslegar áskoranir.
3. Auka virkni og samfélagslega þátttöku eldri borgara af erlendum uppruna.
4. Huga sérstaklega að ungmennum á aldrinum 16 – 18 ára með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn. Að þeim standi til boða menntun, virkni og annars konar valdefling sem styrkir þau bæði í nútíð og til framtíðar.





Fjölga starfsfólki með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn til að styðja við framlínupjónustu

Í öllum auglýsingum frá velferðarsviði koma fram hvatningarorð þar sem fólk með fjölbreytilegan bakgrunn (þ.m.t.) erlendan er hvatt til að sækja um.

Skilgreiningu er lokið fyrir öll störf er varðar kunnáttu í íslensku og í öllum auglýsingum kemur fram að tungumálaviðmið eru samkvæmt samræmdum evrópskum viðmiðum.

Íslenskukennsla er í boði með ýmsum hætti á vinnutíma fyrir starfsfólk, íslenskukennslu appið „Bara Tala“ er í boði fyrir allt starfsfólk.

Stjórnendur eru reglulega hvattir til að skoða tækifæri í þjónustunni til að ráða starfsfólk með fjölbreyttan bakgrunn





Efla samstarf við foreldra barna af erlendum uppruna með fjölþættan vanda eða félagslegar áskoranir

Ráðgjöf á miðstöðvum og út í skólum.

Námskeið:

SPARE (Strengthening Parenting Among Refugees in Europe): Gagnreynt úrræði sem byggir á PMTO og þróað af HÍ í samstarfi við aðrar Evrópuþjóðir. Ætlað foreldrum barna á aldrinum 2-18 ára sem eru arabísku- og úkraínsku mælandi.

Áhersla á að hjálpa foreldrum að eiga góð og náin samskipti við börn sín og hjálpa þeim með tilfinningar sínar, hegðun og samskipti og draga úr líkum þess að áföll hafi áhrif á uppeldishlutverk foreldra. Foreldrar mæta í hópi einu sinni í viku yfir 12 vikna tímabil og fá símtal og heimavinnu milli funda. Millimenningarmiðlarar eru til staðar og túlka yfir á tungumál foreldra og byggja brú milli íslenskrar menningar og menningarheims foreldranna. Fýsileikarannsóknir hérlandis og erlendis sýna mikla ánægju meðal foreldra, foreldrafærni eykst, foreldrar beita jákvæðum uppeldisaðferðum í auknum mæli og það dregur marktækt úr vanda barnanna.

Reykjavíkurborg hefur boðið upp á SPARE frá 2020.

PMTO hópmeðferð á ensku: Ætluð foreldrum barna með hegðunarvanda sem ekki hafa nægilega gott vald á íslensku, en skilja/tala ensku í þeim mæli að geta sótt hópnámskeið. Foreldrar mæta vikulega í ýmist 12-14 skipti og fá heimaverkefni og símtal milli fundanna. Aldur barnanna sem sótt er um vegna er á bilinu 4-13 ára, en foreldrar eru mjög oft að nýta verkfærin á önnur börn á heimili, þ.á.m. unglunga. Mikil ánægja er meðal foreldra að sækja úrræðið, þeir styrkjast í foreldrahlutverki sínu sem hefur bein jákvæð áhrif á hegðun, líðan barnanna og samskipti innan fjölskyldunnar.





Áform 2026

Í samvinnu við HÍ og miðstöð PMTO á Íslandi, sem staðsett er í Keðjunni, mun verða þróuð leið í haust til að ná til fleiri hópa flóttafólks, líklega spænskumælandi í fyrstu atrennu og gera fýsileikaathugun á úrræðinu. Reynt verður að ná til allra foreldra barna 2-18 ára og síðan bjóða þeim sem þurfa meiri þjónustu upp á SPARE.

Foreldramiðað HAM (hugræn atferlismeðferð) fyrir foreldra barna 5-12 ára með hamlandi kvíða. Fyrir liggja áform um að bjóða upp á námskeiðið á ensku í haust í tilraunaskyni til að ná til foreldra barna sem ekki hafa nógu gott vald á íslensku. Foreldrar mæta einu sinni í viku í hópi í fimm skipti og fá einstaklingslega eftirfylgd nokkrum vikum eftir að námskeiði lýkur. Niðurstöður rannsókna og viðhorfsmat íslenskra foreldra sýna fram á mikla ánægju foreldra og það dregur verulega úr kvíðaeinkennum barnanna og kemur í veg fyrir frekari vanda til framtíðar.

PEERS fyrir börn með skerta félagsfærni. Áform eru um að keyra eitt námskeið á ensku í tilraunaskyni í haust til að ná betur til fjölskyldna með erlendan bakgrunn. Námskeiðið er ætlað börnum á aldrinum 11-16 ára og varir í 12 vikur. Foreldrar mæta ásamt börnum sínum og sitja í aðgreindum hópum. Heimavinna er milli tímana og gegna foreldrar mikilvægu hlutverki þar við að styðja barnið sitt. Rannsóknir og viðhorfsmat meðal íslenskra foreldra/barna sýna mikla ánægju og börnunum gengur m.a. betur í samskiptum við jafnaldra.





FORELDRAFRÆÐSLA OG UPPELDISRÁÐGJÖF

Unnið er að því að efla starfsfólk með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn.

Samstarfið við foreldra barna af erlendum uppruna er verið að styrkja með foreldrafræðslu og uppeldisráðgjöf.

Foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf snýr að því að valdefla fjölskylduna og styðja við velferð meðal annars með því að finna leiðir til að auka virkni og jákvæð samskipti.

Styðja við foreldrana með beinum hætti: málefni unglunga, ráðgjöf og fræðsla til foreldra, í samvinnu við félagsráðgjafa fjölskyldunnar. Leitast við að efla samvinnu og samstarf aðila sem koma að fjölskyldunni t.d. starfsfólk skóla, félagsmiðstöðva og tómstundaúrræða.





Auka virkni og samfélagslega þátttöku eldri borgara af erlendum uppruna

1. Félagsmiðstöðvar borgarinnar sem vettvangur þátttöku

Reykjavíkurborg rekur 16 félagsmiðstöðvar fyrir eldri borgara þar sem unnið er markvisst að því að skapa aðgengilegt og opið félagsstarf fyrir fólk af ólíkum uppruna. Áhersla er lögð á að efla fjölmennningarlegt starf og verður aukið við það jafnt og þétt á næstu árum.

2. Aukið aðgengi að upplýsingum

Unnið er að því að bæta upplýsingagjöf um félagsstarf og þjónustu til eldri borgara með fjölbreyttum miðlunarleiðum. Sú vinna er þegar hafin og verður eflað áfram til að tryggja að fleiri fái upplýsingar og geti tekið þátt.

3. Verkefni sem styðja við félagsleg tengsl

Í félagsmiðstöðvum borgarinnar er lögð áhersla á verkefni sem efla tengsl og draga úr félagslegri einangrun, svo sem hópastarf, samtals- og samverustundir og kynslóðaverkefni. Slík verkefni verða áfram þróuð og styrkt með það að markmiði að ná betur til eldri borgara af erlendum uppruna.

4. Þekking og þróun þjónustu

Áfram verður unnið að því að efla þekkingu starfsfólks á fjölmenningu og mismunandi þörfum eldri borgara, þannig að félagsstarf og þjónusta endurspegli betur fjölbreytileika samfélagsins. Þessi þróun er hluti af stöðugu umbótastarfi þjónustunnar.





Huga sérstaklega að ungmennum á aldrinum 16 – 18 ára með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn. Að þeim standi til boða menntun, virkni og annars konar valdefling sem styrkir þau bæði í nútíð og til framtíðar

Opið ungmennahús í Breiðholti – Í Breiðholti hefur verið opnun (frístundastarf) fyrir 16 ára og eldri tvisvar í viku. Út frá því hafa verið örnámskeið og hópastarf í styttri tíma. Ekki er verið að beina þessu starfi sérstaklega á einstaklinga af erlendum uppruna en þeir sem starfið sækja eru frá 70-80% af erlendum uppruna. Einnig er áætlað hópastarf fyrir stelpur annars vegar og stráka hins vegar, sem eru af erlendum uppruna. Ráðgert er að hefja slíkt starf eftir páska.

Hópastarf Stígur og Tröð – úrræði á vegum Reykjavíkurborgar. Sérniðið að þörfum ungs fólks á aldrinum 13 til 18 ára sem hefur átt erfitt uppdráttar félagslega.





16 – 18 ára

Skipulagt ungmennastarf í Hundrað og ellefu (Breiðholt, 16+)

Skipulagt ungmennastarf hefur verið starfrækt tvisvar í viku frá hausti 2024, á fimmtudögum og sunnudögum í félagsmiðstöðinni Hundrað og ellefu (staðsettri í Breiðholti) og dagskráin er ákveðin í samstarfi við nemendaráð Fjölbrautaskólans í Breiðholti. Starfsemin hefur verið kynnt fyrir 16 ára og eldri í Breiðholtinu. Þau sem sækja starfið eru flest ungmenni í viðkvæmri stöðu. Verkefnið er styrkt af ríkinu en leitt af skóla- og frístundasviði í Suðurmiðstöð.

Tengjumst / Connect – Tilraunaverkefni – Hitt húsið

Virkníurræði fyrir börn með stöðu flóttamanns (og eftir atvikum börn sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd) á aldrinum 16-18 ára.

10 vikna námskeið:

6 vikna undirbúningsnámskeið

4 vikna reynsluhluti (starfskynning, sjálfboðastarf eða verkefni í Hinu Húsinu)

Vinatengsl / Friend Zone – Hitt húsið

Félagsleg virkni fyrir flóttabörn 16–18 ára. Samhliða Connect-verkefninu.





Stefnumarkandi áherslur

Forgangsáherslur 2026-2030





Reykjavík, 20. mars 2026
MSS25110035

Mannréttindaskrifstofa

Afgreiðslubréf: Aðgerðaráætlun út frá stefnu um fjölmeningarborgina Reykjavík 2026 – 2030.

Á fundi stafræns ráðs þann 11. mars 2026 var lögð fram aðgerðaráætlun út frá stefnu um fjölmeningarborgina Reykjavík 2026 – 2030. sbr. 5. lið fundargerðar stafræns ráðs s.d. Aðgerðaráætlunin var samþykkt.

Tilkynnist það hér með.

F.h. stafræns ráðs,

Sólveig Skaftadóttir,
starfsmaður stafræns ráðs



Reykjavík



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Efni: Aðgerðaráætlun út frá stefnu um fjölmeningarborgina Reykjavík 2026 – 2030.

Forsaga: Á fundi borgarstjórnar þann 16. desember 2025 var samþykkt stefna um fjölmeningarborgina Reykjavík ásamt aðgerðaráætlun um innleiðingu hennar. Með samþykktinni var lögð áhersla á að öll svið borgarinnar axli skýra ábyrgð á framkvæmd stefnunnar og samþætti hana inn í sína starfsemi.

Samkvæmt aðgerðaráætluninni skulu sviðin greina með markvissum hætti hvernig stefnan og áherslur hennar snerta starfsemi þeirra, bæði í hlutverki atvinnurekanda, þjónustuveitanda, samstarfsaðila og verkkaupa. Í framhaldi skulu mótaðar tímasettar og framkvæmanlegar aðgerðir sem styðja við markmið stefnunnar og tryggja kerfisbundna innleiðingu hennar.

Í þessu minnisblaði eru kynntar áformaðar aðgerðir þjónustu- og nýsköpunarsviðs í samræmi við framangreinda aðgerðaráætlun. Aðgerðirnar miða að því að samþætta sjónarmið fjölmeningar enn frekar inn í verklag, þjónustuhönnun, mannauðsmál og stafræna þróun sviðsins, með það að markmiði að efla aðgengi, jafnræði og gæði þjónustu. Hafa ber í huga að tækninni fleygir hratt fram, því er brýnt að fylgjast vel með þeirri framþróun sem á sér stað í þýðingatækni, gervigreind og öðrum tæknilausnum sem kunna að nýtast í þessu samhengi.

Aðgerðir

1. Tryggja að öll rafræn þjónusta, umsóknargáttir og þjónustugáttir séu aðgengilegar og skiljanlegar á öðrum tungumálum.

1. Halda áfram að kortleggja vefi og þróaðar lausnir sem PON hefur umsjón með, með tilliti til þýðinga.
2. Greina og forgangsraða tækifærum til að sjálfvirknivæða þýðingarferla þar sem hægt er, með áherslu á þjónustuvefi og sjálfsafgreiðslulausnir sem snúa að íbúum. (t.d. Mínar síður).
3. Rýna keyptar lausnir (SaaS-kerfi) og möguleika til þýðinga á efni sem snýr að íbúum.
4. Styðja framlínu í þjónustuveri með þýðingarlausnum fyrir:





- a. Netspjall
 - b. Tölvupóst
 - c. Leiðbeiningar og önnur samskipti við borgarbúa
 - d. Lausnir fyrir tal í texta
5. Prófa frumgerð af þýðingarviðmóti fyrir framlínustarfsfólk þar sem texti og svör eru þýdd í rauntíma. Þetta styður sérstaklega við hópa sem eru líklegir til að nota þjónustumiðstöðvar en síður stafrænar lausnir.
6. Fylgjast vel með tækninýjungum og tryggja árlegt fjármagn svo starfsfólk hafi rými til að gera tilraunir og læra hratt af þeim. Í kjölfarið þarf að taka þessa tækni, svo sem rauntímatúlkun og annað sem mun koma, í viðtæka notkun.

2. Gera úttekt á tungumálanotkun og hvernig mismunandi hópar upplifa aðgengi að rafrænum upplýsingum.

1. Gera úttekt á tungumálanotkun á rafrænum vettvangi borgarinnar
 - a. Kortleggja notendahópa og tungumálaþarfir:
Greina helstu notendahópa og algengustu tungumál meðal íbúa og þjónustunotenda. Greina núverandi tungumálaframboð (þýðingar) á helstu síðum.
 - b. Rýna vefgreiningu: þýðingavafra, tungumálaval, efnisflokka.
 - c. Kortleggja hvaða upplýsingar og eyðublöð skapa mesta erfiðleik
 - d. Greina þjónustubeiðnir til þjónustuvers og þjónustumiðstöðva (tölvupóstar, heimsóknir, netspjall, símtöl).
2. Notendarannsóknir með mismunandi hópum
 - a. Framkvæma könnun á upplifun fólks með annað móðurmál en íslensku, á aðgengi að rafrænum upplýsingum.
 - b. Fókus-hópar með stærstu tungumálahópunum: fá dýpri innsýn inn í upplifun fólks.
 - c. Notendaprófanir á lykilsíðum: aðgengisúttekt miðað við nýjustu staðla, skilningur á íslenskum texta (t.a.m. orðaval, setningaskipan), leit að upplýsingum, traust á þýðingum, hraði í ferlum.
 - d. Vinna með starfsfólki út frá niðurstöðum notendaprófanna, svo það sé meðvitað og upplýst um ólíka menningarheima þessa stærstu hópa, og geti þá tekið tillit til þess hvernig þjónustan er framsett og veitt.
3. Tillögur, gátlistar og umbótatækifæri
 - a. Niðurstöður þarfagreiningar og innleiðing: forgangsraða umbótum og útlista hvernig úttektin skilar sér í bættri þjónustu og aðgengi.
 - b. Útbúa gátlista fyrir fjöltyngda stafræna þjónustu: tengja við Rödd Reykjavíkur og Stílbókina.





- c. Virk þátttaka með stofnunum innanlands og alþjóðlegu samstarfi þar sem það er í boði, og við getum deilt eða lært af öðrum um bestu leiðir til að bæta stafræna inngildingu og aðgengi að þjónustu.

3. Vinna að útvíkkun á notkun mállíkana til að nota fyrir vélþýðingar í samvinnu við sviðin.

- 1) Byggja upp þýðingarinnviði fyrir borgina.
 - a. Leggja til leiðir til að nota þýðingarminni og orðalista í fleiri lausnum.
 - b. Fá lögfræðilega samþykkt hvers fag- og kjarnasviðs á sértækum þýðingum og orðaforða er tilheyrir hverju þeirra.
 - c. Bæta tæknilega uppsetningu og tengingarmöguleika svo að þeir nýtist í fleiri stafrænum lausnum.
 - d. Hanna tæknilegt umhverfi til að tryggja rekstur og öryggi sem og uppitíma.
- 2) Stafrænir leiðtogar taka saman lista yfir kerfi þar sem annarsmálshafar eiga í mestum samskiptum við borgina.
 - a. Nýta greiningar og innleiðingar verkefni síðust ára svo sem Fjöltyngi verkefni um áskoranir forsjáraðila í skólastarfi og skólalþjónustu, innleiðingu lausnar í heimaþjónustu og slíkra forgangsverkefna til að huga að þýðingum til viðkvæmra hópa sem tala önnur tungumál.
- 3) Setja upp verklag og viðmið um þýðingar í innkaupum, útboðum og þróunarverkefnum.
 - a. Kröfulistu til birgja tilgreini að kerfi styðji við fjöltyngi.
 - b. Þýðingar séu aðgengilegar gegnum forritaskil (API).
 - c. Innihald sé aðskilið frá kóða og þýðanlegt.
- 4) Stuðla að bættri stofnanaþekkingu á þýðingartækni ásamt hættum/heimildum til að nýta slíka tækni.
 - a. Kynna og veita starfsfólki aðgang að lausnum sem mælt er með.
 - b. Þar sem ekki verður hægt að tryggja sjálfvirkni í vélþýðingum, verði starfsfólki boðið að nýta einfaldar tilbúnar þýðingarlausnir.
 - c. Fylgjast með hraðri þróun tækninnar og nýta þýðingarlausnir til einföldunar fyrir starfsfólk og með það að markmiði að annarsmálshafar fái sem réttastar upplýsingar og þjónustu.
- 5) Miðað við hraða þróun síðustu ár, getum við ekki séð fyrir hvað verði hægt eftir 12-18 mánuði.
 - a. Tryggja innviði og samræmingu hjá borginni til að prófa, meta og nýta lausnir án þess að taka áhættur með persónuvernd eða misvísandi upplýsingagjöf.





- b. Tryggja stöðugar umbætur og þróun á mállíkani til að bæta gæði og orðblæ. Innleiða einfaldar leiðir til að starfsfólk og sérfræðingar geta leiðrétt orðanotkun td. beint í viðmóti vefsins til að bæta gæði mállíkans sem er grunnur að gæði þýðinga.

4. Styðja við lýðræðislega þátttöku fólks af erlendum uppruna.

1. Lögð verði áhersla á að veita aðgengilegar upplýsingar um réttindi fólks og leiðir til lýðræðislegrar þátttöku á mismunandi tungumálum.
2. Aukið verði samstarf og stuðningur við félagasamtök sem stuðla að aukinni lýðræðisþátttöku, fræðslu og samfélagslegri virkni fólks af erlendum uppruna.
3. Gera prófanir á talgreiningu og þýðingum eða rauntímatúlkun á kynningum og fundum (utan viðkvæmari þjónustuveitingu). Fylgjast náið með hraðri þróun í talgreiningu og rauntímatúlkun, gera prófanir í aðstæðum sem ekki eru viðkvæmar t.d. túlkun á fundum eða viðburðum.

Niðurlag:

Aðgerðir þær sem hér eru lagðar fram fela í sér markvissa þróun á verklagi, innviðum og stafrænum lausnum þjónustu- og nýsköpunarsviðs með það að markmiði að styðja við innleiðingu stefnu um fjölmenningsborgina Reykjavík. Ljóst er að umfang og kostnaður einstakra aðgerða liggur ekki fyrir á þessu stigi. Kostnaðarmat verður unnið þegar hver og ein aðgerð hefur verið skilgreind nánar sem afmarkað verkefni, með skýru umfangi, verkþáttum og ábata.

Gert er ráð fyrir að allar stærri aðgerðir og þróunarverkefni fari í gegnum hefðbundið verkefnaráðsfyrirkomulag þjónustu- og nýsköpunarsviðs, þar sem fram fari formleg forgangsörðun, kostnaðaráætlanir, áhættugreining og ákvörðun um framkvæmd. Með því er tryggt að innleiðing sé samræmd, gagnsæ og í takt við aðrar áherslur og fjárhagsramma borgarinnar. Í ljósi hraðrar tækniþróunar, sérstaklega á sviði þýðingataekni, mállíkana og gervigreindar, verður jafnframt mikilvægt að viðhalda sveigjanleika í framkvæmd, tryggja rými til prófana og lærdóms og endurmeta forgangsörðun eftir því sem forsendur breytast.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Óskar Sandholt
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs



Reykjavík